

# REGLUGERÐ BÍS UM HÆFI SJÁLFBODALIÐA

Samþykkt á fundi stjórnar BÍS 9. maí 2023



## 1. GREIN

Með sjálfbodaliða er í reglugerð þessari átt við lögráða einstaklinga sem hafa tekið að sér verkefni fyrir skátafélag, skátasamband eða Bandalag íslenskra skáta (BÍS), önnur en þau að stýra skátasveit barna.

## 2. GREIN

Þau má skipa sjálfbodaliða sem sækjast eftir því og fullnægja þessum skilyrðum:

1. Hafa viðeigandi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til að gegna starfi sínu að mati skipunaraðila.
2. Hafa unnið [skriflegt heiti að viðlögðum heiðri sínum](#) að rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem þeim kunna að verða falin eða þau taka að sér sem sjálfbodaliðar og að þau muni aldrei gerast brotleg gegn börnum.
3. Hafa ekki hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum, eins og [Æskulýðslög nr. 70/2007](#) segja til um.
4. Hafa undirritað [eyðublað sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til öflunar upplýsinga úr Sakaskrá ríkisins](#) eins og [Æskulýðslög nr. 70/2007](#) segja til um.

## 3. GREIN

Framkvæmdaaðili verkefnis skal leitast við að gera skriflegt samkomulag við sjálfbodaliða í samræmi við drög BÍS um Sjálfbodaliðasamkomulag.

## 4. GREIN

Ef sjálfbodaliði uppfyllir ekki öll skilyrði 2. gr. eftir að hafa hlotið skipun eða brýtur gegn sæmdarheiti sínu, skal viðkomandi láta af störfum að eigin frumkvæði ella er stjórn skátafélags, stjórn skátasambands og/eða stjórn BÍS skylt að víkja viðkomandi frá störfum.